

MAGNÚS JÓHANN PORTRETT

22. MAÍ 2026
NORÐURLJÓS HARPA

FÖSTUDAGSRÖÐ



MAGNÚS JÓHANN PORTRETT

FÖSTUDAGSRÖÐ

TÓNLEIKAR Í NORÐURLJÓSUM 22. MAÍ KL. 18:00 & 20:00

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

ROSS JAMIE COLLINS
HLJÓMSVEITARSTJÓRI

MAGNÚS JÓHANN RAGNARSSON
EINLEIKARI OG TÓNSKÁLD

MAGNÚS JÓHANN RAGNARSSON
Uglur (4')

MAGNÚS JÓHANN RAGNARSSON
Very Serious Music (35')

I - Skarðsheiði

II - Svarfhólsskógur

III - Hrekkjalómurinn

IV - Sjáðu silfrið

V - Kötturinn mús

VI - Skrautfjaðrasafnarinn

VII - Höll sumarlandsins

VIII - Sama tún, annar staður

MAGNÚS JÓHANN RAGNARSSON
Sálmur fyrir Sollu systur (5')

Tónleikarnir eru hljóðritaðir og verður útvarpað síðar á Rás 1.

For information in English about tonight's programme, please visit the Iceland Symphony Orchestra website: en.sinfonia.is

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímu meðan á tónleikum stendur.

MAGNÚS JÓHANN RAGNARSSON

EINLEIKARI OG TÓNSKÁLD

Þrátt fyrir ungan aldur hefur Magnús Jóhann Ragnarsson (f. 1996) skapað sér viðurkenningu sem óvenju fjölbreytt tónlistarmaður á flestum sviðum tónlistar; sem tónskáld, hljómborðsleikari og upptökustjóri. Hann hefur fengist við fjölbreyttar stefnur og stíltegundir í tónlist, allt frá innhverfum djassi, sígildum dægurlögum, ómstríðri strengjatónlist til framsækkinnar raftónlistar. Hann hefur nú gefið út níu hljóðrit, sína eigin tónlist og í samstarfi við söngkonuna GDRN og djassleikarana Skúla Sverrisson og Óskar Guðjónsson. Magnús Jóhann var valinn tónlistarflytjandi ársins í opnum flokki á Íslensku tónlistarverðlaununum 2023 og 2025. Auk þess hefur hann fengist við kvikmyndatónlist og hlaut tilnefningu til Edduverðlaunanna fyrir tónlist sína í kvikmyndinni Ljósvíkingum. Á þessum tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands frumflytur Magnús sitt fyrsta stóra hljómsveitarverk auk tveggja eldri verka í nýjum útsetningum. Hann leikur ekki eingöngu á píanó á tónleikunum heldur hefur hann að undanförunu þjálfað sig í leik á hið dulmagnaða hljóðfæri Ondes Martenot sem fær einnig að njóta sín á þessum tónleikum.

ROSS JAMIE COLLINS

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Ross Jamie Collins er finnsk-breskur hljómsveitarstjóri sem hefur vakið athygli fyrir framúrskarandi tónlistarhæfileika og mikla persónutöfra. Á starfsárinu 2025/26 er hann í starfsnámi í hljómsveitarstjórn við Útvarpshljómsveit Elbfilharmoníunnar í Hamborg og aðstoðarhljómsveitarstjóri Konunglegu filharmoníusveitarinnar í Liège, þar sem hann stýrir einnig fræðsluverkefnum.

Collins snýr á starfsárinu aftur til Sinfóníuhljómsveitar Tokyoborgar, Filharmoníusveitarinnar í Helsinki og Sinfóníuhljómsveitar Íslands, auk þess sem hann þreytir frumraun sína við Finnka þjóðarballettinn. Meðal nýlegra verkefna eru tónleikar með Philharmonia-hljómsveitinni í Lundúnum, Sinfóníuhljómsveitinni í Norrköping, Filharmoníuhljómsveitinni í Turku og Sinfóníuhljómsveitinni í San Francisco. Sumarið 2025 tók hann þátt í tónleikaferð Laufeyjar um Bandaríkin, *A Night at the Symphony*, þar sem hann stjórnaði meðal annars hljómsveitunum í Cleveland og Philadelphiu. Collins var staðarhljómsveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands starfsárið 2023/24.

ORÐSKRÍPI OG INNIHALDSLÝSINGAR

Titillinn er gjarnan fyrsta upplifun hlustanda af tónverki og stundum það eina sem veitir honum einhverskonar samhengi, hvort sem honum líkar betur eða verr. Tónlist án orða er í eðli sínu óhlutbundin og túlkun hennar og áhrif eru því háð mati hvers og eins. Hvort er æðra? Að verkin séu ómenguð af orðum eða að þau séu nefnd? Einhverjum gæti þótt tilraun til þess að nefna sellós vítur Bach ósmekklegr en sætta sig fullkomlega við verk á borð við Vorblótið. Flesta tónlist, sem ekki inniheldur texta eða söng, má flokka í tvo flokka. Efnisbundin tónlist (e. program music) fylgir söguþræði eða er innblásin af ákveðnum aðstæðum. Tónlist af þessum toga ber gjarnan titil sem skírskotar í efni verksins og skilur mismikið eftir fyrir ímyndunaraflíð. Svo er það formræn tónlist (e. absolute music) sem er óbundin orðum og innblástri tónskáldsins og stendur sem sjálfstæð abstrakt eining sem á yfirborðinu fjallar ekki um neitt sérstakt. Sumir takast á um hvort sé tærara - algerlega óhlutbundin tónlist eða tónlist „menguð“ af tilætlunum tónskáldsins.

Spunameistarinn Keith Jarrett hafði orð á því að mannskepnan væri heltekin af þörfinni fyrir skilning. Margbreytileg skynjun tónlistar í núinu týndist í leit hennar að sannleikanum. „Hvers kyns vitsmunalegir merkimiðar eru óviðeigandi þar sem þeir flækjast fyrir árstraumnum“ er haft eftir honum. En eitt útilokar ekki annað. Það má elska bæði Vorblótið og sellós vítur Bachs. Það er aftur á móti gaman að velta sér upp úr þessu og sú tónlist sem ég hef skapað í gegnum tíðina er í raun gegnsýr af vangaveitum um samhengi efnisbundinnar tónlistar.

Um nokkurt skeið hafði ég gengið með þá hugmynd í maganum að nefna hljómplötu Very Serious Music. Þessi alvarlega tónlist sem ég heyrði órátt fyrir mér var tónlist fyrir strengjasveit, tréblásturshljóðfæri og rafhljóð. Hugmyndin þótti mér góð en tónlistin stóð á sér sama hvað ég sat við. Það var ekki fyrr en mér bauðst að koma fram á tónleikum með Sinfóníuhljómsveit Íslands að tónlistin fór að láta á sér kræla. Stíflan brast, nýtt tónefni spratt fram og elsti hluti verksins, titillinn, fann sér samastað.

En um hvað er þessi alvarlega tónlist? Það sem ég get sagt er að hún er samin í þeim tilgangi að skapa nýjan konsert fyrir sinfóníuhljómsveit þar sem hið sjaldgæfa rafhljóðfæri Ondes Martenet, sem ég hef lagt stund á við Tónlistarakademiuna í París, fær að njóta sín bæði í einleiks- og stuðningshlutverki. Ég fæ að leika á píanó, að auki við Ondesið, þar sem ég blanda hóflegum spuna við litróf sinfóníuhljómsveitarinnar. Það er nefnilega spuni, byggður á djasshefðinni vestra, sem liggur til grundvallar minni píanókunnáttu og flestri minni frumsköpun í tónlist.

Mestallt tónlistarnám mitt var byggt á vestrænni djasshefð. Þar lærði ég að búa til tónlist á staðnum; að ímprovísera innan ákveðins ramma, sem byggði á verkfærum á borð við bibopp línur, sjöundahljóma og ýmsu öðru. Það sem ég hef síðan reynt að fanga í minni eigin listsköpun á heima einhvers staðar rétt fyrir utan fagurfræðileg landamæri vestrænnar djasshefðar. Very Serious Music er enn ein tilraunin til þess en er líklegast með ríkisborgararétt úr að minnsta kosti tveimur heimsálfum.

Þessi tónlist er skrifuð af miklum eldmóði á fyrstu mánuðum þessa árs. Að miklu leyti í sumarhúsi langömmu og langafa míns í Svarfólsskógi í Hvalfirði. Þættirnir átta sem mynda verkið hlutu íslenska titla sem bera vitni um ýmislegt sem veitti mér innblástur en fyrir mér er tónlistin í raun formræn og tær þrátt fyrir nafngiftina. Því líkt og nafnið gefur til kynna er mér dauðans alvara með þessu og tónlistin enginn brandari þótt einhverjum gæti ef til vill þótt nafngift af þessum toga hlægileg.

Vonandi munu þessir vitsmunalegu merkimiðar mínir ekki menga upplifun ykkar af tónlistinni. Látið ekki afvegaleiðast, það sem eftir situr fyrir ímyndunaraflíð mun vonandi leiða ykkur að sannleikanum.

Magnús Jóhann Ragnarsson

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

1. FIDLA

Una Sveinbjarnardóttir
Zbigniew Dubik
Hildigunnur Halldórsdóttir
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Sigrún Harðardóttir
Geirprúður Ása Guðjónsdóttir Skelton
Andrzej Kleina
Lin Wei
Joanna Bauer
Bjargey Birgisdóttir

2. FIDLA

Gunnhildur Daðadóttir
Justyna Bidler
Ólóf Þorvarðsdóttir
Emma Garðarsdóttir
Gróa Margrét Valdimarsdóttir
Kristján Matthíasson
Hekla Finnsdóttir
Ingrid Karlsdóttir

VÍÓLA

Rita Porfiris
Anna Elísabet Sigurðardóttir
Svana Bernharðsdóttir
Sarah Buckley
Guðrún Þórarinsdóttir
Eyjolfur Bjarni Alfreðsson

SELLÓ

Steiney Sigurðardóttir
Hrafnkell Orri Egilsson
Margrét Árnadóttir
Bryndís Halla Gylfadóttir
Bryndís Björgvinsdóttir

BASSI

Xun Yang
T.C. Fitzgerald
Gunnlaugur Torfi Stefánsson
Richard Korn

FLAUTA

Rafael Adobas
Áshildur Haraldsdóttir

ÓBÓ

Matthías Nardeau
Peter Tompkins

KLARÍNETT

Grimur Helgason
Rúnar Óskarsson

FAGOTT

Clara Manaud
Brjánn Ingason

HORN

Stefán Jón Bernharðsson
Yi-Ling Shih

TROMPET

Einar Jónsson

BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson

BASSABÁSÚNA

David Bobroff

HARPA

Katie Buckley

PÁKUR

Frank Aarnink

SLAGVERK

Marco Santos
Steef van Oosterhout

AÐALHLJÓMSVEITARSTJÓRI OG LISTRÆNN STJÓRNANDI

Eva Ollikainen

FRAMKVÆMDA- OG SKRIFSTOFUTEYMI

Guðni Tómasson
framkvæmdastjóri
Valdís Þorkelsdóttir
viðburða- og skipulagsstjóri
Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað
verkefnastjóri viðburða
Hjördís Ástráðsdóttir
fræðslustjóri
Tryggvi M. Baldvinsson
listrænn ráðgjafi
Jökull Torfason
verkefnastjóri dagskrárgerðar

Margrét Ragnarsdóttir
markaðs- og kynningarstjóri
Kristín Björg Björnsdóttir
markaðsfulltrúi (í leyfi)
Rut Sigurðardóttir
markaðsfulltrúi (afleysing)
Dagrún Hálfðánardóttir
mannauðsstjóri
Svanhvít Hrólfssdóttir
fjármálastjóri
Tracy Bass
nótnavörður
Brynja Guðmundsdóttir
aðstoðarnótnavörður
Sigþór J. Guðmundsson
verkefnastjóri sviðs-
og tæknimála
Björk Björgúlfssdóttir
sviðsmaður

STJÓRN SÍ
Sigurður Hannesson
formaður stjórnar
Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir
Margrét Pálmadóttir
Emil Friðfinnsson
Ragnar Jónasson

NÆRMYND HILDUR GUÐNADÓTTIR

Á LISTAHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK



4. JÚNÍ KL. 19:30
ELDBORG HARPA

DANÍEL BJARNASON
HLJÓMSVEITARSTJÓRI
HILDUR GUÐNADÓTTIR
GESTGJAFI OG EINLEIKARI Á SELLÓ

Sinfóníuhljómsveit Íslands kynnir heillandi kvöldstund með tónskáldinu Hildi Guðnadóttur á Listahátíð í Reykjavík. Hljómsveitin flytur tónlist eftir Hildi en einnig önnur tónskáld sem hafa haft áhrif á hana.

Hildur er eitt fremsta kvikmyndatónskáld samtímans og margverðlaunuð fyrir störf sín, hún hefur m.a. hlotið Emmy-, Grammy- og Óskarsverðlaun fyrir tónlist sína í kvikmyndum og sjónvarpsþáttum.

Örfá sæti laus!



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

MIÐASALA Í HÖRPU OG Á SINFONIA.IS